

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/23/01		Tilkynning stjórnvalda í Noregi um lán sem stjórnvöld (fylkeskommune) í Mæris- og Raumsdalsfylki veita sprota- og hlutafjárstöði sem einkafjárfestar leggja til fé og stofnaður er í því skyni að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Mæris- og Raumsdalsfylki aðgang að áhættufjármagni.	1
2007/EES/23/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 412/06/COL frá 19. desember 2006 um ákvörðun að því er varðar reglur um skattendurgreiðslur í þágu farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennu norsku skipaskránni (NOR)	2
2007/EES/23/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 394/06/COL frá 13. desember 2006 um samþykkt endurnýjaðrar áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra	3
2007/EES/23/04		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum – Áhættulánveitingar í héraði . . .	5
2007/EES/23/05		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum – Afskriftareglur þriðja málsliðar þáttar 3b í lögum um jarðolíuskatt að því er varðar framleiðslutæki og gasleiðslur sem tengjast nýjum, stórvirkum stöðvum fyrir fljótandi jarðgas í Finnmerkurfylki eða sveitarfélögunum Kåfjord, Skjervøy, Nordreisa eða Kvænangen í Tromsfylki á tímabilinu 1. janúar 2007 til 31. desember 2013	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2007/EES/23/06		Úrskurður forseta dómstólsins hinn 22. desember 2006 í máli E-4/06, KLM Royal Dutch Airlines gegn Staten v/ Finansdepartementet (norska fjármálaráðuneytinu fyrir hönd norska ríkisins).	7

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2007/EES/23/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4540 – Nestlé/Novartis (Medical Nutrition Business))	8
2007/EES/23/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4550 – Dow Chemical/Wolff Walsrode)	9
2007/EES/23/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4596 – Wärtsilä Technology Oy/Hyundai Heavy Industries Co/JV)	10
2007/EES/23/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4656 – Deutsche Bank/Aviva/Blackstone/Vitus) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2007/EES/23/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4663 – voestalpine/Böhler-Uddelholm) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2007/EES/23/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4676 – PPR/PUMA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2007/EES/23/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4683 – ABN AMRO/OSG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2007/EES/23/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4336 – MAN/Scania)	15
2007/EES/23/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4505 – Freeport-McMoRan Copper & Gold/Phelps Dodge Corporation)	15
2007/EES/23/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4517 – Iberdrola/Scottish Power)	16
2007/EES/23/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4521 – LGI/Telenet)	16
2007/EES/23/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4542 – NPM Capital/Desseaux)	17
2007/EES/23/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4580 – OEP/Dailyer)	17
2007/EES/23/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4595 – Vestar/Carlyle/AZ)	18
2007/EES/23/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4598 – Sagard/Cognetas/Groupe Saint-Gobain Desjoncquères)	18
2007/EES/23/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4614 – ED&F Man/Bromacom)	19
2007/EES/23/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4619 – SCOR/Converium)	19

2007/EES/23/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4620 – Swisscom/FastWeb)	20
2007/EES/23/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4621 – 3i/Enterprise).	20
2007/EES/23/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4624 – EQT/Scandic)	21
2007/EES/23/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4649 – Charterhouse/ista)	21
2007/EES/23/28	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar	22
2007/EES/23/29	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja	25
2007/EES/23/30	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 frá 24. október 2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð	27
2007/EES/23/31	Framkvæmdaráð Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega – Gengi sem nota ber við umreikning gjaldmiðla samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72	28
2007/EES/23/32	Breytingar á ákvæðum um almannajónustuskyldur í áætlunarflugi á tilteknum leiðum innan sjálfstjórnarhéraðsins Asoreyja.	30
2007/EES/23/33	Auglýst eftir umsóknum um leyfi til kolvetnisvinnslu á leitarsvæðisskika P3c á hollenska landgrunninu	30

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilkynning stjórnvalda í Noregi um lán sem stjórnvöld (*fylkeskommune*) í Mæris- og Raumsdalsfylki veita sprota- og hlutafjárjóði sem einkafjárfestar leggja til fé og stofnaður er í því skyni að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Mæris- og Raumsdalsfylki aðgang að áhættufjármagni

2007/EES/23/01

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Dagsetning ákvörðunar: 6. desember 2006

EFTA-ríki: Noregur

Málsnúmer: 60219

Fyrirsögn: Sprota- og hlutafjárjóður Mæris og Raumsdals

Markmið: Áhættufjármögnun

Lagaheimild: C-liður 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og kafli 10B í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð

Gildistími: 15 ár

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:
<http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/stateaidregistry>

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 412/06/COL frá 19. desember 2006 um 2007/EES/23/02
ákvörðun að því er varðar reglur um skattendurgreiðslur í þágu farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennu norsku skipaskránni (NOR)

Málsnúmer: 61026

EFTA-ríki: Noregur

Hérað: Noregur

Fyrirsögn og markmið aðstoðarkerfis: Reglur um skattendurgreiðslur í þágu farmanna sem starfa á skipum sem skráð eru í almennu norsku skipaskránni (NOR).

Helstu markmiðin að baki reglna um skattendurgreiðslur vegna starfa og þjálfunar farmanna er að verja og efla atvinnu farmanna í Noregi og á Evrópska efnahagssvæðinu, tryggja að unnt sé að ráða farmenn til starfa og að þeir hljóti tilskilda þjálfun og bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja sem hafa slíka farmenn á launaskrá. Reglurnar hafa jafnframt viðtækara markmið sem snýr að því að varðveita og efla verkkunnáttu í siglingagreinum í almennum skilningi og auka öryggi.

Lagaheimild: Árleg fjárlög samkvæmt ákvörðun norska þingsins og reglugerð frá 21. desember 2005 nr. 1720.

Áætluð árleg útgjöld: Aðstoðarkerfi: Áætluð útgjöld fyrir árið 2006:

Vegna kerfisins sem slíks: 1 210 millj. norskra króna/152 millj. evra

Vegna hinna tilkynntu breytinga á kerfinu fyrir árið 2006: 45 millj. norskra króna/5,65 millj. evra

Gildistími: Reglurnar um skattendurgreiðslur eru háðar árlegum fjárveitingum norska þingsins sem ákveður umfang endurgreiðslanna. Kerfið er því takmarkað við fjárlagaárið. Framhald kerfisins hverju sinni er háð fjárveitingum vegna næsta fjárlagaárs á eftir. Kerfið er í grundvallaratriðum ekki bundið tilteknu tímabili, en verði það enn við lýði að tíu árum liðnum verður það tilkynnt að nýju.

Leyfilegt aðstoðarhlutfall samkvæmt kerfinu: Skipafélög fá samkvæmt kerfinu endurgreidda skatta og almannatryggingagjöld sem innheimt hafa verið af farmönnum, auk almannatryggingagjalda sem skipafélögin hafa innt af hendi sjálf. Þessar endurgreiðslur geta aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð innheimts tekjuskatts og almannatryggingagjalda.

Atvinnugreinar: Sjöflutningar

Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð: Heiti: Nærings- og induridepartementet
Pósthfang:
Postboks 8014 Dep
NO-0030 Oslo

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/23/03

nr. 394/06/COL

frá 13. desember 2006

um samþykkt endurnýjaðrar áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sem nefnist hér á eftir EES-samningurinn), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 3.1.7 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum, með áorðnum breytingum,

og með aðlögunarákvæðum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, einkum fyrsta undirlið a-liðar 6. gr. gerðarinnar,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 196/04/COL frá 14. júlí 2004 um að veita stjórnarmanni, sem hefur sérstök ábyrgðarstörf með höndum á sviði frjálsra vöruflutninga, umboð til að taka tilteknar ákvarðanir og gera tilteknar ráðstafanir, einkum 1. lið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til þess að ráða niðurlögum blóðþorra ber samkvæmt ákvæðum fyrsta undirliðar a-liðar 6. gr. gerðarinnar að fjarlægja allan fisk úr sýktri eldisstöð í samræmi við áætlun sem lögbært yfirvald hefur lagt fram og hlotið hefur samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (sem nefnist hér á eftir „eftirlitsstofnunin“).

Í gerðinni, sem um getur í lið 3.2.29 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, *ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB frá 13. júní 2003 um viðmiðanir við afmörkun svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist hans er staðfest*, er mælt fyrir um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem nota ber til að greina og staðfesta blóðþorra, ásamt viðmiðum sem nota ber til að afmarka svæði og við opinbert eftirlit ef upp kemur grunur eða staðfest tilvik um blóðþorra.

Eftirlitsstofnunin samþykkti með ákvörðun sinni nr. 226/04/COL frá 9. september 2004 áætlun norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra.

Í bréfi dagsettu 21. mars 2006 óskuðu stjórnvöld í Noregi eftir samþykki eftirlitsstofnunarinnar við tilteknum breytingum á áætluninni um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra, sem eftirlitsstofnunin hafði samþykkt með ákvörðun nr. 226/04/COL frá 9. september 2004.

Eftirlitsstofnunin hefur tekið hinar fyrirhuguðu breytingar á áætlun Norðmanna til athugunar með hliðsjón af nýjustu vísindalegri og tæknilegri þekkingu, í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Aðferðin sem notuð er þegar fiskur er fjarlægður skal miðast við að hindra útbreiðslu sjúkdómsins til annarra eldisstöðva og til villtra stofna sem hætt er við slíku smiti.

Ákvörðun um að fjarlægja fisk verður að byggjast á mati á því hversu mikil hættu er á frekari útbreiðslu sjúkdómsins í hverju einstöku tilviki, meðal annars hversu alvarlegt sjúkdómstilvikið er og öðrum aðstæðum sem hafa áhrif á hættuna, og taka verður tillit til nýjustu reynslu og vísindagagna.

Athuginin hefur leitt í ljós að hinar fyrirhuguðu breytingar á áætlun Norðmanna fullnægja kröfum um slíkar áætlanir og ber því að samþykkja þær.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun nr. 314/06/COL.

Samkvæmt tillögu dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, og í því skyni að tryggja réttaröryggi ber að bæta við þessa ákvörðun nýjum lið þess efnis að ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 226/04/COL frá 9. september 2004 falli úr gildi.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Endurnýjuð áætlun norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra er samþykkt.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 226/04/COL frá 9. september 2004 um samþykkt áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra fellur úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2006.
4. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 13. desember 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

Niels Fenger

Framkvæmdastjóri

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. 2007/EES/23/04
í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Dagsetning ákvörðunar: 19. desember 2006

EFTA-ríki: Noregur

Málsnúmer: 60867

Fyrirsögn: Áhættulánveitingar í héraði

Markmið: Helsta markmið aðstoðarkerfisins er að stuðla að efnahagsuppbyggingu í afskiptum héruðum með því að veita fyrirtækjum sérstaka hvatningu til fjárfestinga í héruðunum sem kerfið tekur til.

Lagaheimild: Lög frá 19. desember 2003 nr. 130 um Innovasjon Norge (Nýsköpunarfélag Noregs) (*Lov av 19. desember 2003 nr 130 om Innovasjon Norge*), drög að reglugerð um fjárfestingaraðstoð o.fl. (*Forskrift om geografisk virkeområde og bruk av dei regional- og distriktpolitiske verkemidla*).

Fjárveiting/gildistími: Árleg fjárveiting til kerfisins er um 100 milljónir norskra króna (um 13 milljónir evra). Tilkynntur gildistími aðstoðarkerfisins er hinn sami og gildistími leiðbeininga um byggðaaðstoð, þ.e. frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2013.

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:
<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid/stateaidregistry>

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. 2007/EES/23/05
í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Dagsetning ákvörðunar: 19. desember 2006

EFTA-ríki: Noregur

Málsnúmer: 60970

Fyrirsögn: Afskriftareglur þriðja málsliðar þáttar 3b í lögum um jarðolíuskatt að því er varðar framleiðslu-
tæki og gasleiðslur sem tengjast nýjum, stórvirkum stöðvum fyrir fljótandi jarðgas í Finnmerkurfylki eða
sveitarfélögum Kåfjord, Skjervøy, Nordreisa eða Kvænangen í Tromsfylki á tímabilinu 1. janúar 2007
til 31. desember 2013

Markmið: Helsta markmið aðstoðarkerfisins er að stuðla að efnahagsuppbyggingu og atvinnusköpun á
svæðinu sem um ræðir.

Lagaheimild: Þriðji málsliður þáttar 3b í lögum frá 13. júní 1975 nr. 35 um skattlagningu jarðolíulinda
neðansjávar o.fl. („*Lov av 13. juni 1975 nr. 35 om skattlegging av undersjøiske petroleumforekomster
m.v.*“).

Fjarveiting/gildistími: Samkvæmt ákvæðum þriðja málsliðar þáttar 3b í lögum um jarðolíuskatt er
heimilt að afskrifa eignir á þremur árum í stað venjulegs afskriftatíma sem er sex ár. Þetta felur í sér
hagræði fyrir fjárfesta sökum þess að þeir geta frestað skattgreiðslum. Aðstoðarfjárhæðin ræðst af umfangi
fjárfestingarinnar og núvirtu mati á skattfrestuninni. Tilkynntur gildistími aðstoðarkerfisins er hinn sami
og gildistími leiðbeininga um byggðaaðstoð, þ.e. frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2013.

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:
<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry>

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Úrskurður forseta dómstólsins

2007/EES/23/06

hinn 22. desember 2006

í máli E-4/06,

KLM Royal Dutch Airlines

gegn

Staten v/ Finansdepartementet

(norska fjármálaráðuneytinu fyrir hönd norska ríkisins)

Með tilvísun til beiðni Borgarting lagmannsrett frá 16. október 2006 um ráðgefandi álit um lagagrundvöll og nauðsynleg skilyrði kröfu um endurgreiðslu skatta sem aðildarríki hefur innheimt í bága við ákvæði EES-samningsins

hefur forseti dómstólsins kveðið upp úrskurð dagsettan 22. desember 2006 og hljóða úrskurðarorðin svo:

Mál E-4/06 skal tekið af málaskrá.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/23/07

(Mál COMP/M.4540 – Nestlé/Novartis (Medical Nutrition Business))

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Nestlé SA öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í Novartis Medical Nutrition („NMN“), dótturfélagi svissneska fyrirtækisins Novartis AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Nestlé SA: framleiðir, markaðsfærir og selur matvæli og drykki, m.a. lækningafæði, um allan heim
 - NMN: þróar, framleiðir, markaðsfærir og selur sondunæringu ásamt tilheyrandi búnaði (slöngum, dælum o.s.frv.) um allan heim
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 110, 16. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4540 – Nestlé/Novartis (Medical Nutrition Business), á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4550 – Dow Chemical/Wolff Walsrode)

2007/EES/23/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Dow Deutschland Anlagengesellschaft mbH, sem er dótturfélag hins bandaríska The Dow Chemical Company („Dow“) og að fullu í eigu þess, öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirlát í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í þýsku samstæðunni Wolff Walsrode („Wolff“). Wolff-samstæðunni tilheyrir i) Wolff Walsrode AG ásamt dótturfyrirtækjum, en það er dótturfélag Bayer Chemicals AG og að fullu í eigu þess, ii) Wolff Cellulosics LLC, fyrirtæki í Delaware sem er dótturfélag Bayer Material Science LLC og að fullu í eigu þess, og iii) verksmiðjan Walsroder Casings í Swidnica í Póllandi, sem er í eigu Bayer Sp.z.o.o. Bayer Chemicals AG, Bayer Material Science LLC og Bayer Sp.z.o.o. eru öll dótturfélög hins þýska Bayer AG og að fullu í eigu þess.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Dow: plastefni og íðefni, jarðræktarvísindi og kolvetnis- og orkuvörur ásamt tilheyrandi þjónustu
 - Wolff: vörur úr beðmi, trefjakápur utan um bjúgu og pylsur og plastumbúðir
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4550 – Dow Chemical/Wolff Walsrode, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/23/09****(Mál COMP/M.4596 – Wärtsilä Technology Oy/Hyundai Heavy Industries Co/JV)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Wärtsilä Technology Oy („Wärtsilä“) og kóreska fyrirtækið Hyundai Heavy Industries Co („HHI“) öðlast með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar í kóreska fyrirtækinu Wärtsilä Hyundai Engine Co. Ltd.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Wärtsilä: framleiðsla og sala á aflvélum og rafölum í skip
 - HHI: skipasmíðar, vélsmiði, hreyflar, rafkerfi og vinnuvélar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 108, 12. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4596 – Wärtsilä Technology Oy/Hyundai Heavy Industries Co/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2007/EES/23/10****(Mál COMP/M.4656 – Deutsche Bank/Aviva/Blackstone/Vitus)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Deutsche Bank AG, breska fyrirtækið Aviva plc og bandaríska fyrirtækið Blackstone Group öðlast með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í þýska fyrirtækinu Vitus Group, sem er nú að fullu undir yfirráðum Blackstone.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Deutsche Bank AG: fjárfestingabanki með starfsemi um allan heim
 - Aviva plc: eignarhaldsfyrirtæki tryggingasamsteypu
 - Blackstone Group: fjármálaráðgjöf, fjárfestingar í óskráðum félögum og fjárfestingar í fasteignum
 - Vitus Group: eignarhald, rekstur og útleiga fasteigna, einkum íbúðarhúsnæðis en einnig verslunarhúsnæðis; samsteypunni tilheyra eftirtalin sjö fasteignafyrirtæki í Þýskalandi: BRE/GEWG GmbH – Düsseldorf, Beamten-Baugesellschaft Bremen GmbH – Bremen, Bremische Gesellschaft für Stadterneuerung, Stadtentwicklung und Wohnungsbau mbH – Bremen, Kieler Wohnungsbaugesellschaft mbH – Kiel, GAB Gladbacher Baugesellschaft mbH – Mönchengladbach, RSTE Objektgesellschaft Wohnanlagen für Chemnitz mbH – Wuppertal og VITUS GmbH – Mönchengladbach
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 109, 15. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4656 – Deutsche Bank/Aviva/Blackstone/Vitus, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4663 – voestalpine/Böhler-Uddelholm)

2007/EES/23/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið voestalpine AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í austurríska fyrirtækinu Böhler-Uddeholm AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - voestalpine AG: framleiðir og selur vörur úr stáli
 - Böhler-Uddeholm AG: framleiðir og selur sérnotavörur úr stáli
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 111, 17. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4663 – voestalpine/Böhler-Uddelholm, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4676 – PPR/PUMA)

2007/EES/23/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PPR S.A. öðlast með hlutafjárkaupum og yfirtökuboði, sem var tilkynnt 10. apríl 2007, að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar í þýska fyrirtækinu PUMA Aktiengesellschaft Rudolf Dassler Sport („PUMA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - PPR: munaðarvörur og smásöluverslun
 - PUMA: framleiðsla og heildsölu- og smásöludreifing á fatnaði, skóm og íþróttavörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4676 – PPR/PUMA, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4683 – ABN AMRO/OSG)

2007/EES/23/13

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Pearl Mezzanine Limited, sem tilheyrir hinu hollenska ABN AMRO, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í breska fyrirtækinu OyezStraker Group Holdings Limited („OSG“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ABN AMRO: fjármálaþjónusta
 - OSG: sala skrifstofubúnaðar og ýmissar þjónustu til fyrirtækja
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4683 – ABN AMRO/OSG, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2007/EES/23/14**
(Mál COMP/M.4336 – MAN/Scania)

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. desember 2006 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32006M4336. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

